

Til sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Vegna síendurtekinna skemmda sauðfjár á þúsundum trjáplantna í Þjórsárdal.

Sjálfbóðaliðasamtök um náttúruvernd (Sjá) hafa í áratug gróursett ár hvert nokkarar þúsundir birkiplantna í Þjórsárdal. Er það hluti af Hekluskiðgaverkefninu sem hefur lagt til trjáplöntur og áburð en Samtökin hafa lagt til sjálfbóðna vinnu og umhyggju. Auk þess að gróðursetja og bera á hafa nokkrir félagsmenn lagt það á sig að vökva nýgróðursettari plöntur í langvinnum þurrkum, nú síðast í sumar. Ófrjótt land ásamt þurrkum er þó ekki það sem helst stendur plöntunum fyrir þrifum heldur sauðkindur sem ár hvert éta vaxtarsprotu plantnanna. Félagsmenn hafa ítrekað lagt það á sig að reka lambær út fyrir skógræktargirðingu þá sem halda á fénu frá. Hver slíkur rekstur tekur a.m.k. tvær klst. og mikið erfiði. Þeir félagsmenn sem mest hafa unnið að þessari smölun eru Grétar Einarsson og Vigfús Ó. Vigfússon.

Ítrekað hefur verið kvartað yfir þessu til forsvarsmanna Hekluskiðgaverkefninsins en svo virðist að þeir fái ekki við neitt ráðið.

Því vil ég, sem formaður Sjálfbóðaliðasamtaka um náttúruvernd skora á sveitarstjórn Skeiða- og gnúpverjahrepps að beita sínum úrræðum og valdi til að stöðva þessa eyðileggingu á merkilegu og mjög þörfu skógræktarstarfi.

Ég vona að sveitarstjórn taki þetta mál föstum tókum.

Virðingarfyllt.

Þorvaldur Örn Árnason,
formaður Sjálfbóðaliðasamtak um náttúruvernd valdurorn@simnet.is s. 895 6841

Síða Samtakanna: <https://www.facebook.com/SJ%C3%81LFBO%C3%90ALI%C3%90ASAMT%C3%96K-UM-N%C3%81TT%C3%9ARUVERND-119960348030736/>

Myndir og frásögn frá vinnu í Þjórsárdal á þessu sumri:
https://www.facebook.com/media/set/?set=ms.c.eJxFj8ENwDAIAzeqAAMm~_y9WhTT0e~_JsY4viieBKp4Q~_1sBoGyiyA6DaKgHvBUlaLLtKRSuGUdChiAvUt~_JWF5gIFAxMBhvUf5ENfF2Ao~%3BiOpJ9ho8jZIROauxqlM93rTPcB~%3Ba1k~%3BhndQpmM6OnkCyFIPhY~-.bps.a.2970462532980489&type=3